



FRÉTTABRÉF

Ferðamálafélags Hríseyjar

Nóvember 2019

13. árgangur 13. tölublað

KARRINN



Linda María Ásgeirsdóttir

Hríseyjarfréttir

Ágætu lesendur! Hægt verður að nálgast Karrann á heimasíðunni
www.hrisey.is

Hugleiðingar stjórnar

Nú eruð þið með í höndunum Karrann sem við gefum út einu sinni á ári á aðventunni, þetta mun vera í þrettánda sinn sem hann kemur út í þessari mynd en var áður fréttabréf Hríseyjarhrepps.

Í aðdraganda jóla er stutt í barnið í okkur því flest okkar eigum góðar, fallegar og skemmtilegar minningar í tengslum við jólin, það var áður en neysluhyggjan varð yfirráðandi og við misstum sjónar á tilgangi jólanna. Væri ekki dásamlegt ef við gætum ræktað barnið í okkur og ekki verið hrædd við að leyfa því að njóta sín þó ekki sé nema í nokkrar vikur á ári. Það er ekki tilgangur né andi jólanna að kaupa dýrustu gjafirnar og toppa hvort annað í neyslunni, munum það að það er hugurinn á bak við sem skiptir máli. Hvernig væri að gefa fólkinu okkar bara tíma og upplifun, fátt skemmtilegra en vera í kring um sína nánustu hvort sem er í stofunni heima eða bíósal, leikhúsi eða bara úti að leika. Gerum eitthvað saman, leikum, spilum, bökum, eldum og njótum.

Óskum Hríseyingum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum árið sem er að líða.

Góðar stundir

Hanna Hauksdóttir
Ingimar Ragnarsson
Linda María Ásgeirsdóttir
Þórunn Björg Arnórsdóttir
Þröstur Jóhannsson



Fréttir úr Hríseyjarskóla

Hríseyjarskóli var settur 22. ágúst sl. og voru 16. nemendur skráðir í skólann og 3 börn á leikskólann og er þetta fjölgun frá síðasta skólaári, sem er mikið gleðiefni, og við horfum með jákvæðum augum til framtíðar.

Skólastarfið fór af stað með hefðbundnum hætti með skólaleikum þar sem allir tóku þátt og skemmtu sér vel.

Verkefni skólaársins hafa verið margvísleg. Sigling með Húna í byrjun september þar sem nemendur fengu að veiða fisk og fræðslu um lífríkið í sjó. Við tókum þátt í „göngum í skólann“ verkefninu og voru allflestir mjög virkir, gengið var tvisvar í viku eftir skóla með kennurum, auk þess sem nemendur voru hvattir til að ganga í skólann daglega. Við tókum þátt í verkefninu „plastlaus september“ og saumuðum grænmetis- og ávaxtapoka fyrir búðina. Andey ehf. bauð nemendum skólans á leiksýninguna Galdragáttin og Þjóðsagan sem gleymdist, stórskemmtileg sýning og færum við

Andeyjarmönnum bestu þakkir fyrir gott boð. Auk þess fóru nemendur í 1. og 2. bekk á sýninguna Björt í Sumarhúsi, nemendum á unglíngastigi var boðið að sjá FML (fokk mæ læf) sem flutt var af 7 stelpum á aldrinum 13-16 ára. Þá hafa nemendur einnig sótt ýmsar fræðslukynningar í skólana á Akureyri.

Við fórum af stað með lestrarátak í byrjun október sem stóð yfir í 12 daga og á þessum dögum voru lesnar 9401 blaðsíða sem er alveg frábært. Á hverjum föstudegi er lesari vikunnar en þá les

nemandi eða starfsmaður úr sinni uppáhaldsbók og segir frá henni, þetta er skemmtileg hefð sem við höldum í.

Sudbury vika var hjá okkur eftir miðjan október það er vika þar sem nemendur velja sjálfir hvað þau vilja læra og tengja það við lykilhæfni í Aðalnámsskrá, þau mæta með útfyllta stundatöflu fyrir vikuna og vinna eftir henni. Þarna reynir á að skipuleggja sig vel og áætla góðan tíma í það sem á að gera. Nemendur völdu t.d. að smíða, sauma, baka, gera bækur, forrita, svo eitthvað sé nefnt. Þessi vika er alltaf skemmtileg og gaman að sjá hvar áhugasvið þeirra liggur.

Árlegt foreldrakaffi var haldið 14. nóvember þar sem öllum íbúum eyjarinnar var boðið í glæsilegt hádegisboð í íþróttamiðstöðinni. Nemendur buðu upp á tækn kynningu þar sem þeir kynntu hin ýmsu smáforrit og tækni sem notuð eru í náminu í Hríseyjarskóla. Einnig var Lubbi finnur málbeinið kynntur, það er kennsluáðferð sem leikskóladeildin notar í málörvun. Gestir fengu að sjá skemmtilega útfærslu af samkenndu málörvunar og forritunar og fengu að prufa.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar sem við gerðum í kjölfarið kom fram að það kom mjög mörgum á óvart hversu tæknivæddur skólinn væri. Í dag stöndum við frammi fyrir því að mennta nemendur til að taka þátt í samfélagi sem við vitum ekki hvernig verður í framtíðinni. Hraðar tæknibreytingar bjóða upp á óendanlega möguleika í kennsluháttum og námi. Hríseyjarskóli er alltaf að efla sig í tæknimálum og við erum daglega að læra eitthvað nýtt og bæta við þann búnað sem við þurfum.

Foreldrafélagið gaf okkur á dögnum 5 standa fyrir Osmo forritin og er það góð viðbót því nú getum við notað þetta inni í bekk, en Osmo býður uppá marga möguleika til að læra með leik.

Nú er desember framundan og nóg um að vera hjá okkur, við höldum í hefðir fyrri ára, málum jólamyndir á gluggana, skerum út laufabrauð, böfum piparkökur, skrifum á jólakort, útbúum jólagjafir, fönndrum og hlustum á jólatónlist. Litlu jól Hríseyjarskóla verða föstudaginn 20. desember kl. 9:00 fyrir nemendur en kl. 10:00 er öllum frjálst að mæta og dansa í kring um jólatréð með okkur og syngja jólalögin. Við förum svo í jólafrí og mætum aftur til starfa 2. janúar með starfsdag og nemendur mæta kl 8:00 3. janúar. Starfsfólk og nemendur Hríseyjarskóla óska öllum Hríseyingum nær og fjær gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs. Við þökkum samstarfið á árinu sem er að líða og vonum að nýja árið muni færa okkur gleði og kærleika. Njótið aðventunnar með fjölskyldu og vinum.

Þórunn Arnórsdóttir skólastjóri



Íþróttamiðstöðin jóla og áramót

- Þorláksmessa - 23. desember:** Lokað
Aðfangadagur - 24. desember: Lokað
Jóladagur - 25. desember: Lokað
Annar í jólum - 26. desember: Lokað
27. desember - opið: 15:00 - 18:00
28. desember - opið: 13:00 - 16:00
29. desember - opið: 13:00 - 16:00
30. desember - opið: 15:00 - 19:00
Gamlársdagur - 31. desember: Lokað
Nýársdagur - 1. janúar: Lokað

Hríseyjarbúðin

- 22. desember:** 13:00 - 16:00
23. desember: 12:00 - 13:00 og 16:00 – 18:00
24. desember: 10:00 – 12:00
25. + 26. desember: Lokað
27. + 30. desember: Venjuleg opnun
31. desember: 10:00 – 12:00
1. janúar: Lokað
2. janúar: 16:00 – 18:00

Viðburðir í desember.

Hríseyjarkirkja

Aðventustund laugardaginn **30. nóvember kl. 17:00.**
Sr. Oddur Bjarni.

Að lokinni stund verður farið í kirkjugarðinn og kveikt á leiðalýsingu.

Aðfangadagur jóla.

Aftansöngur verður í Hríseyjarkirkju **24. desember kl. 17:00.** Sr. Jónína Ólafsdóttir þjónar fyrir altari.

Sóknarprestar

Möndlugrautur í Hlein

Laugardaginn 7. desember verður boðið upp á graut með möndlu og að sjálfsögðu slátur nýtt og ónýtt. Verðlaun fyrir möndluna.

Stjórn Ferðamálafélagsins.

Hríseyjarskóli

Jólafondur ***laugardaginn 30. nóvember kl. 13:00.***
Litlu jólin ***20. desember kl. 10:00.***

Kveikt á jólatrénu

Mánudaginn 2. desember kl. 16:00.

Heitt súkkulaði og smákökur í boði á eftir í Hríseyjarbúðinni.

Dagatal ungmennafélagsins 2020

Dagatal Ungmennafélagsins Narfa fyrir árið 2020 er væntanlegt og verður til sölu í Hríseyjarbúðinni. Einnig munu ungir iðkendur félagsins ganga í hús. Verð 2.500 kr.

Áramótaboð Andeyjar ehf

Laugardaginn 28. desember kl. 18:00 bjóða

Andeyjarmenn íbúum og gestum til samsætis í Íþróttamiðstöðinni.

Flugeldasala Björgunarsveitarinnar

Flugeldasalan verður **28. – 31. desember** í húsnæði sveitarinnar að **Ægisdötu 13.**

Opið frá **kl. 16:00 – 20:00** laugardag – mánudags og **kl. 11:00 – 14:00** á gamlársdag.

Verbúðin 66

Jólahlaðborð

Laugardaginn 7. desember húsið opnar kl. 19.30.

Borðapantanir í síma 467-1166 fyrir 3. desember

Skötuveisla

Þorláksmessa kl. 18:00

Vinsamlegast pantið fyrir 20. desember

Nánari opnun og viðburðir í desember auglýst síðar.

Verbúðin 66.

Jólabingó Slysavarnarfélagsins

Jólabingó Slysavarnarfélagsins verður haldið í Verbúðinni 66 **miðvikudaginn 11. desember.**

Barnabingó hefst kl. 17:00

Fullorðinsbingó hefst kl. 20:30.

Áramótabrenna

Kveikt verður í áramótabrennunni á **gamlársdag kl. 17:00.**

Jólamarkaður

Sunnudaginn 8. desember verður jólamarkaður í Verbúðinni 66 kl. 14:00 - 17:00. Þeir sem hafa áhuga á að selja vörur endilega hafið samband við Lindu Maríu í síma. 891 7293/467 1166.

Jólapósturinn 23. desember

Móttaka í **Hríseyjarbúðinni milli kl. 12:00 og 13:00.**

Ungmennafélagið Narfi.

Jólatrésskemmtun

Jólatrésskemmtun verður haldin **26. desember í Íþróttamiðstöðinni og hefst kl. 14:00.** Dansað verður í kringum jólatréð og allir krakkar fá eitthvað góðgæti frá jólasveinunum sem mæta á svæðið. Léttar veitingar í boði. Enginn aðgangseyrir verður innheimtur en tekið verður á mótí frjálsum framlögum til styrktar félaginu. Þeir sem hafa tök á að aðstoða við undirbúning, framkvæmd og frágang mega gjarnan hafa samband við Ingólf. Allir velkomnir.

Ungmennafélagið Narfi



Wave Guesthouse Hrísey

Nú þegar árið 2019 er nánast liðið er gott að setjast niður og horfa aðeins til baka. Hjá okkur í Wave Guesthouse hefur árið verið gott og aukning í gistingu hjá okkur sem nemur 14%. Við erum sífellt að leita leiða til að bæta okkur og auka bæði þjónustu og upplifun þeirra sem gista í Wave Guesthouse. Eitt skref í þá átt er að nýlega hófum við samstarf við bókunarvefinn Expedia.com og eru þeir sterkir í Bandaríkjunum og Kanada. Í framhaldi af því hófum við samstarf við GoDo Property sem er líka bókunarvefur. Þar er einnig hægt að tengja saman alla bókunarvefina á þann hátt að þegar berst bókun á einum vefnum þá lokar fyrir möguleikann á því að bóka í það herbergi hjá öðrum.

Framkvæmdir er hafnar við gerð annars baðherbergis á efri hæðinni og vonandi verður sem fyrst hægt að hefja framkvæmdir við pall sem er hugsaður sem grill aðstaða og undir heitan pott. Við vonumst til að ljúka framkvæmdum við baðherbergi tímanlega fyrir jóla. Við ætlum að hafa opið hús dagpart í desember og bjóða fólki að koma og skoða aðstöðuna í Wave Guesthouse og þiggja eitthvað gott í gogginn í leiðinni. Fylgist endilega vel með á Facebook við munum setja dagsetninguna inn þar þegar hún liggur fyrir.

Að lokum óskum við ykkur öllum gleðilegra jóla og megi nýja árið verða ykkur öllum gott.

Teitur og Tedda

Ungmennafélagið Narfi

Ungmennafélagið Narfi hefur starfað af fullum krafti þetta árið. Á vorönn stóð Tinna Lind fyrir íþróttatímum fyrir börn á leikskólaaldri og færum við henni bestu þakkir fyrir það. Í upphafi sumars var keyptur pannavöllur, fótboltar og ný net í mörkin upp á stóra velli. Við héldum upp á þjóðhátíðardaginn í kulda og rigningu þar sem hið árlega víðavangshlaup var á sínum stað og grillaðar voru pylsur á hátíðarsvæðinu. Að þessu sinni var ákveðið að keppa í minigolfi og fótbolta á nýja pannavellinum og voru margir áhugasamir að prófa og vera með. Sambærilegt mót var haldið á Hríseyjarhátíðinni.

Í haust var haldinn aðalfundur og þar var Díana Björg kosin ritari, formaður er Hrund og gjaldkeri Ingólfur. Áður hafði Steinunn Bjarnadóttir gengt þeirri stöðu og þökkum við henni kærlega fyrir hennar störf.

Ákveðið var að halda sundátak í haust og var þátttaka mjög góð og syntu rúmlega 30 þátttakendur um 43 kílómetra. Að loknu sundátaki hófust æfingar vetrarsins og erum við í skýjunum með góða mætingu á æfingar. Hrund og Dísella sjá um íþróttaskóla fyrir börn á leikskólaaldri alla þriðjudaga, í lok hvers tíma er boðið upp á ávaxtastund. Íþróttatímar fyrir fullorðna eru einnig á þriðjudögum. Á fimmtudögum eru Ingólfur og Christian með Krakkafjör fyrir 6. – 10. ára börn og stofnuð var félagsmiðstöðin Draumur fyrir 11. – 16. ára og er hún í umsjón Díönu og Ingólfs.

Búið er að kaupa sjónvarp, leikjatölvu, hreyfi- og söngleiki og spil fyrir félagsmiðstöðina og til stendur að kaupa fótboltaspil og fleira í þeim dúr. Sótt var um styrki til að fjármagna þessi kaup og fengist hefur styrkur upp á 100.000 kr frá KEA og mun úthlutun fara fram 1. desember.

Að venju mun Ungmennafélagið selja dagatal og standa fyrir nokkrum viðburðum í desember eins og sjá má hér í Karranum.

Við þökkum fyrir góða þátttöku á þessu starfsári og óskum Hríseyingum gleðilegra og jóla og farsældar á komandi ári.

Stjórn UMF Narfa

Hrísey Seafood

K & G fær nýja eigendur og nýtt nafn. Nýja nafnið er Hrísey Seafood og nýju eigendurnir eru Sigurður Jóelsson og Telma Róbertsdóttir. Hrísey Seafood fer vel af stað og erum við full tilhlökkunar að takast á við þetta skemmtilega og spennandi verkefni.

Hrísey Seafood óskar bæjarbúum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



Handgerð kerti

Til sölu handgerð kerti tilvalin í jólapakkann einnig með chilihlaupið vinsæla.

Rósa Káradóttir símar 466 1769/694 8652.

Bókasafn Hríseyjar

Opið á þriðjudögum frá kl.14:00 - 16:00.
Jólabækurnar að detta í hús.

Verið velkomin á bókasafnið.

Fótsnyrting

Fótaaðgerðarfræðingur kemur til Hríseyjar eftir þörfum. Þanta þarf tíma hjá Rósu Káradóttur í síma 466 1769/694 8652.



Brothættar byggðir

Byggðapróunarverkefnið Hrísey, Perla Eyjafjarðar Hrísey var tekin inn í tilraunaverkefni

Byggðastofnunar *Brothættar byggðir* árið 2015 og undirrituð hóf störf í lok þess árs. Lagt var upp með

þrjú meginmarkmið; *Aðlaðandi og aðgengilegt eyjasamfélag, Öflugir innviðir og Fjölbreytt atvinnulíf.*

Fjöldi starfsmarkmiða var svo skilgreindur undir hverju meginmarkmiði. Í upphafi voru starfsmarkmiðin 46 talsins en í tímans rás hefur þeim fjölgað í 54.

Búið er að ná 24 af þessum 54 markmiðum og önnur 16 eru komin vel á veg. *Aðgerðaráætlun verkefnisins er aðgengileg á vef Byggðastofnunar.*

Í Hrísey hefur ágætlega gengið að vinna að markmiðunum sem snúast um ímynd eyjarinnar, umhverfismál, markaðssetningu á eyjunni til bæði ferðamanna og nýrra íbúa og nýsköpun og fjölbreyttari atvinnumöguleikum. Á starfstíma verkefnisins hefur Byggðastofnun veitt styrki til 42 mismunandi verkefna sem tengjast eflingu Hríseyjar. Verkefnisstjórn hefur metið verkefnin hverju sinni. Af þessum verkefnum er 21 þegar lokið og 21 eru enn í gangi. Verkefninu er að ljúka nú um áramótin og því er ætlunin að kalla saman íbúafund í janúar 2020 þar sem farið verður yfir árangur verkefnisins og framhald þess reifað. Fundurinn verður auglýstur síðar. Gleðileg jól kæru Hríseyingar og bestu þakkir fyrir samstarfið undanfarin fjögur ár.

Helga Íris Ingólfssdóttir

Verkefnisstjóri byggðapróunarverkefnisins Hríseyjar, Perlu Eyjafjarðar

Áætlun Sævars jóla og áramót

Aðfangadagur og gamlársgdagur:

Frá Hrísey: 09:00.....Frá Árskógssandi: 09:30
11:00.....11:30
13:00.....13:30
15:00.....15:30

Jóladagur og nýársdagur:

Frá Hrísey: 11:00.....Frá Árskógssandi: 11:30
13:00.....13:30
17:00.....17:30
21:00.....21:30

Á aðfangadag og gamlársgdag er ferð kl. 07:00
upphringiferð.

Aðrir dagar samkvæmt nógildandi áætlun.

Síminn í Sævari er 695 5544.

Fréttabréf Ferðamálafélags Hríseyjar - www.hrisey.net

Ábyrgðarmaður: Stjórn